

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Vidisic 2 mg/g augnhlaup

Karbómer

#### **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

#### **Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Vidisic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Vidisic
3. Hvernig nota á Vidisic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Vidisic
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Vidisic og við hverju það er notað**

Vidisic er notað sem gervítar í stað táravökva þegar skortur er á framleiðslu hans.

Vidisic er notað við augnþurrki eins og t.d. við glæru- og tárusigg. Einnig við hornvefsmyndun í hornhimnu og augnslímhúð vegna augnþurrks.

Verið getur að lækurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Vidisic**

##### **Ekki má nota Vidisic**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

##### **Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Vidisic er notað.

- Augnlinsur skulu fjarlægðar úr auga áður en Vidisic augnhlaup er notað, og ekki settar aftur í fyrir en eftir 30 mín., því lyfið inniheldur rotvarnarefnið cetrímíð sem getur litað augnlinsur.

##### **Börn og unglíngar yngri en 18 ára**

Klínísk reynsla hefur sýnt fram á öryggi og verkun Vidisic hjá börnum og unglíngum við notkun í skömmtum sem ráðlagðir eru fyrir fullorðna, en engar upplýsingar úr klínískum rannsóknum liggja fyrir.

##### **Notkun annarra lyfja samhliða Vidisic**

Látið lækurinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ef önnur augnlyf eru notuð samtímis á að setja þau í augað a.m.k. 5 mín. á undan Vidisic.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Þungaðar konur og konur með barn á brjósti mega nota lyfið.

### **Akstur og notkun véla**

Jafnvel þó að lyfið sé notað eins og ráðlagt er, getur það tímabundið valdið óskýrri sjón og sjúklingar ættu að sýna gætni við akstur bifreiða og stjórnun vélknúinna ökutækja.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **3. Hvernig nota á Vidisic**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lækurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er einn dropi í hvort auga 3-5 sinnum yfir daginn eða eftir þörfum og áður en farið er að sofa nema annað sé tekið fram og í samræmi við alvarleika og hvernig einkennin lýsa sér.

Vidisic hlaup er hægt að gefa sem dropa og er þess vegna auðvelt og þægilegt í notkun. Við gjöf í auga, er túpunni haldið í lóðréttri stöðu svo að litlir dropar myndist og detti auðveldlega úr túpuoddinum. Vegna þess hversu seigjustigið er hátt er Vidisic hlaup sérstaklega hentugt í meðferð á alvarlegum einkennum augnþurrks. Verndarhimna með töluverða viðloðun myndast, sem heldur hornhimnunni og augnslímhúðinni rakri í ákveðinn tíma, þannig að í alvarlegum tilfellum er nóg að nota lyfið sjaldan (að meðaltali 4-5 skipti á dag) til að draga úr einkennum og ná bata.

Vidisic hlaup þolist vel; það er hægt að nota á öruggan hátt í ráðlögðum skömmtum og oftast ef þörf er.

### **Börn og unglíngar yngri en 18 ára**

Klínísk reynsla hefur sýnt fram á öryggi og verkun Vidisic hjá börnum og unglíngum við notkun í skömmtum sem ráðlagðir eru fyrir fullorðna, en engar upplýsingar úr klínískum rannsóknum liggja fyrir.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir eru venjulega vægar svo sem tímabundnar sjóntruflanir.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar,

[www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Vidisic

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Eins og með öll augnylf, má aðeins nota lyfið í 4 vikur eftir að umbúðir hafa verið rofnar.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### Vidisic inniheldur

- Virka innihaldsefnið er karbómer.
- Önnur innihaldsefni eru cetrimíð, sórbítól, natríumhýdroxíð og sæft vatn.

### Lýsing á útliti Vedisic og pakkningastærðir

10 g túpa.

#### Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Dr. Gerhard Mann  
Chem.-pharm. Fabrik GmbH  
D-13581 Berlín  
Þýskalandi

#### Umboðsaðili á Íslandi

Teva Pharma Iceland ehf.  
Dalshrauni 1  
220 Hafnarfirði

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júlí 2022.**